

ORKA

Hvaðan kemur hitinn?

Verkefni 6-12 ára

Markmið: Skilja hvernig orka frá náttúrunni gefur okkur heitt vatn.

Fræðsla:

Nemendur fá fræðslu um jarðvarma og eldgos sjá [hér](#)

Verkefni:

Ferðalag hitans – Frá kviku í kranann

Þetta verkefni fær nemendur til að rannsaka hvernig eldvirkni Íslands snertir þá persónulega á hverjum degi. Nemendur átta sig á að án kvikunnar djúpt í jörðinni væru þessir hlutir kaldir.

1. hluti: Heitavatsleitir

Nemendur fá það verkefni að fara í vísindaleiðangur um skólann og finna alla staði þar sem jarðvarminn leynist.

Verkefni: Finndu og teldu:

- Hvað eru margir ofnar í skólanum?
- Hvað eru margir kranar sem gefa heitt vatn (í vaski, sturtu eða baði)?
- Er skólinn með upphitaða stétt, hver er staðan í íþróttahúsinu eða sundlauginni?

2. hluti: Teiknaðu „orkuleiðina“ þína

Eftir að hafa skoðað glærurnar um hvernig við borum djúpar holur eftir heitu vatni, eiga nemendur að teikna ferðalag orkunnar.

Teikningin á að sýna:

1. Undir jörðinni: Rauð heit kvika og vatn sem hitnar við snertingu við hana.
2. Vinnslan: Djúp hola sem boruð hefur verið og löng rör sem flytja vatnið upp.
3. Heima: Rörin tengjast ofninum í herberginu þeirra eða sturtunni.

Aðrir möguleikar:

Umhverfisskoðun

Farið er í stutta gönguferð í nágrenninu, þar sem rætt er um landslag, hraunbreytingar og eldfjöll í nágrenni skólans ef við á. Rætt er um hvernig náttúran (eldgos) getur breytt landslagi, hvernig jarðvarmi er nýttur og hvers vegna hann er mikilvægur fyrir okkar daglega líf

Eldgos í sandkassa

Nemendur, með aðstoð kennara, móta eldfjall úr sandi. Í gíginn er sett blanda af ediki, matarsóða, rauðum lit og sápu til að líkja eftir gosi. Sjá leiðbeiningar [hér](#)